

1859.

1859.

16. febrúar.

1. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um endurgjald handa lyfsölumanninum í Reykjavík.

Með bréfi 13. október í fyrra hafið þér, herra stiptamtmaður, sent hingað beiðni frá lyfsölumanni Randrup í Reykjavík, um að fá endurgoldna af opinberum sjóði 962 rd. 48 sk., er hann kveður sig hafa misst í við það, að lækningatilraunir við kláðasjúkt fè í Rángárvalla sýslu ekki hafi verið gjörðar á þann hátt, sem skipað hafi verið, og hefir af þessu leitt, að hann nú hefir afgangs töluvert af lyfjum, sem blönduð hafa verið saman til hinna svo kölluðu Tessinsku baða, en einmitt vegna þess að lyfin þegar eru blönduð saman, geti hann ekki skilað þeim aptur til þeirra, er honum hafa selt.

Vér látum yður nú vita til þóknanlegrar vitundar og frekari auglýsingar fyrir beiðanda, að eptir því sem þér, herra stiptamtmaður, hafið skýrt frá, þá getur það ekki komið til máls, að beiðandi hafi nokkurt lagatilkall til að fá peninga þessa endurgoldna úr ríkissjóðnum, og á hinn bóginn getur því síður sanngirnir ástæða sú, sem hann hefir borið fyrir, orðið tekin til greina, þarð líkindi eru til að honum takist að selja lyf þessi, þegar lækningunum samkvæmt bréfi dómsmálastjórnarinnar, dagsettu 3. nóvember í fyrra, verður haldið áfram með meiru afli.

16. febrúar.

2. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um lán til þess að byggja þinghús á Vestmannaeyjum.

Í bréfi 19. október í fyrra hafið þér, herra stiptamtmaður, beðið um samþykki dómsmálastjórnarinnar til þess, að hreppurinn í Vestmannaeyjum megi taka til láns 600 rd. af peningum